

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. desember 2014 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-60/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um innköllun á tveimur heitum pottum, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi útvegi sér tvo nýja heita potta og komi þeim fyrir þar sem hinir innkölluðu pottar eru nú, auk þess að seljandi fjarlægji hina innkölluðu potta. Þá krefst álitsbeiðandi skaðabóta.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 26. ágúst sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 10. september. Með bréfi, dags. 17. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 18. september. Með bréfi, dags. 24. september, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til þess að skila þeim til 8. október. Í bréfi seljanda, dags. 3. október, kom fram að seljandi teldi ekki þörf á að veita frekari andsvör í málinu. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 1. desember, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgja kemur fram að álitsbeiðandi keypti tvo uppblásna heita potta af seljanda. Annar potturinn var skv. reikningi keyptur hinn 13. júlí 2012 fyrir kr. 84.999. Kaupverð hins pottsins var kr. 89.995, en dagsetningu er ekki að finna á reikningi fyrir kaupunum. Álitsbeiðandi mun hafa komið pottunum fyrir við tvö sumarhús sem hann leigir út í Borgarfirði og þar lagt að þeim rafmagn og vatn. Hinn 11. ágúst sl., á grundvelli ábendingar frá Neytendastofu, mun seljandi hafa innkallað potta af þeirri gerð sem um ræðir þar sem alvarleg hættu gat skapast af notkun þeirra. Í fréttatilkynningu á vef Neytendastofu kemur einnig fram að pottarnir hafi verið seldir frá og með 12. júlí 2012 og að pottunum megi skila til allra verslana seljanda þar sem kaupverð þeirra fáist endurgreitt gegn framvísun nótu. Álitsbeiðandi sættir sig ekki við að þurfa sjálfur að koma pottunum til seljanda, telur hann að seljanda sé skylt að fjarlægja pottana við sumarhúsin, sem og að láta sér í té nýja potta og koma þeim fyrir í stað þeirra gömlu. Til vara krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði sér skaðabætur að álitum vegna þeirrar fyrirhafnar að skipta um potta, sem og vegna kostnaðar við að kaupa nýja potta. Eins krefst álitsbeiðandi bóta vegna tekjumissis í tengslum við útleigu sumarhúsanna, en álitsbeiðandi telur að erfiðara muni reynast að leigja þau þegar enginn heitur pottur sé við þau.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi kannast við að umræddir pottar hafi verið innkallaðir í kjölfar tilmæla þar að lútandi frá Neytendastofu. Byggðust tilmælin á því að pottar af sama tagi höfðu verið innkallaðir í Hollandi á þeim grundvelli að þeir gætu reynst hættulegir. Segir seljandi að þeir pottar sem hafi verið skilað hafi verið endurgreiddir. Hvað

varðar potta álitsbeiðanda tekur seljandi fram að umræddir pottar voru ekki ætlaðir til annarra nota en einkanota, þ.e. að þeir hafi ekki verið seldir til notkunar í atvinnuskyni. Þá rekur seljandi að sé söluhlutur gallaður geti kaupandi átt rétt á bótum við vísan til V. kafla laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Í því tilviki sem hér sé um að ræða endurgreiði seljandi andvirði hins selda og í því felist fullar skaðabætur með vísan til 27. gr. laganna. Fær seljandi ekki séð að X. kafli laganna er varðar óbeint tjón, eigi við í tilviki álitsbeiðanda. Hið selda hafi verið selt til einkanota en ekki til atvinnurekstrar, svo sem áður er var rakið. Tjón sem vísað sé til í 2. mgr. 67. gr. laganna geti því ekki fallið undir tilvik álitsbeiðanda. Þá þurfi að sanna óbeint tjón. Eins og málatilbúnaður álitsbeiðanda sé settur fram virðist ljóst að slík sönnun liggi ekki fyrir. Þá vísar seljandi til almennra regla varðandi að tjónþola beri að draga úr meintu tjóni sínu. Eins bendir seljandi á að hægt sé að jarðtengja umrædda potta til að koma í veg fyrir þá meintu hættu sem talið sé að geti stafað af notkun þeirra. Skv. lýsingu álitsbeiðanda séu lagnir að pottinum og því ætti að vera auðvelt að koma í veg fyrir þá hætti sem talin sé stafa af notkun þeirra með jarðtengingu. Seljandi mælir þó með því að pottinum verði skilað og þeir endurgreiddir. Lagnir sem álitsbeiðandi hafi lagt ættu að nýtast áfram verði aðrir pottar keyptir og því sé ekki um að ræða tjón hvað það varði.

Þá bendir seljandi á að meira en tvö ár séu liðin frá því umræddir pottar voru keyptir og kvörtunarfrestir skv. lögumum því liðin. Engu að síður verði pottarnir endurgreiddir verði þeim skilað. Endurgreitt sé til þeirra sem leggi fram reikningi fyrir kaupunum. Seljandi hafnar því að félagið verði gert ábyrgt fyrir ótilgreindu og órökstuddu tjóni og kostnaði sem álitsbeiðandi vísi til. Rökstuðningur álitsbeiðanda sé óljós og ekki því hægt að taka afstöðu til slíkrar kröfu. Þá ítrekar seljandi að kröfur álitsbeiðanda séu settar fram með þeim hætti að ekki sé hægt að taka afstöðu til þeirra þar sem þær séu óljósar og vanreifaðar. Að lokum segist seljandi samþykkja að endurgreiða pottana þegar þeim verði skilað, að því gefnu að kvittun liggi fyrir, og fullnægja þar með áskilnaði laga nr. 50/2000 hvað varði skaðabætur.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi kannast ekki við að sá fyrirvari hafi verið gerður við sölu á pottunum, að þeir væru eingöngu ætlaðir til einkanota. Þá segist álitsbeiðandi aldrei fyrr hafa fengið upplýsingar frá seljanda um að hægt væri að jarðtengja pottana. Álitsbeiðandi kveðst margoft hafa spurt seljanda hvort einhverjar aðrar leiðir væru færar en að skila pottunum, en því hafi seljandi alltaf hafnað og sagt að skila þyrfti pottunum. Spyr álitsbeiðandi hvort seljandi geti þá ekki látið jarðtengja pottana. Ítrekar álitsbeiðandi kröfur sínar um að seljandi greiði sér bætur vegna þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir eftir að hann þyrfti að banna notkun á pottunum. Telur álitsbeiðandi að tjón hans nemi kr. 850.000 vegna tapaðra leigutekna. Eins geri álitsbeiðandi ráð fyrir frekara tjóni n.k. vor þar sem nýir pottar séu ekki fyrir hendi og óvíst hvenær sér áskotnist nýir pottar.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, en ákvæði laga 48/2003 um neytendakaup geta ekki átt hér við þar sem álitsbeiðandi keypti hinar umdeildur söluvörur í tengslum við atvinnustarfsemi sína.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi tvo rafmagns heitapotta af seljanda, annan hinn 13. júlí 2012 fyrir kr. 84.999, en ekki liggur fyrir hvenær hinn potturinn var

keyptur. Kaupverði þess potts var kr. 89.995. Hinn 11. ágúst sl. voru umræddir pottar innkallaðir í kjölfar tilmæla Neytendastofu þar að lútandi. Liggur fyrir að seljandi er tilbúinn til að endurgreiða þá potta sem skilað er í verslanir hans, enda sé greiðslukvittun framvísað. Umrædda tvo potta mun álitsbeiðandi hafa sett upp við tvö sumarhús í Borgarfirði og þar lagt að þeim vatn og rafmagn. Sumarhúsin leigir álitsbeiðandi út. Kærunefndin álitur að þegar vara er innkölluð vegna hættulegra eiginleika, teljist varan gölluð í skilningi 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Þrátt fyrir að frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla sé aðeins tvö ár skv. 2. mgr. 32. gr. laganna og að sá frestur sé a.m.k. liðinn hvað varðar annan pottinn, telur kærunefndin einnig að lokamálsliður 2. mgr. 32. gr. eigi við í málinu þegar um innköllun er að ræða, þ.e. að umræddur tveggja ára frestur eigi ekki við í þeim tilvikum sem seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Er frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla því ekki liðinn, eins og hér stendur á. Af framangreindu leiðir að umræddir pottar eru haldnir galla í skilningi laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Álitsbeiðandi getur því borið fyrir sig vanefndarúrræði laganna gagnvart seljanda, þ.e. krafist úrbóta eða nýrrar afhendingar skv. 34. gr., afsláttar skv. 38. gr., riftunar skv. 39. gr. og skaðabóta skv. 40. gr. og 67. gr. laganna.

Álitsbeiðandi virðist gera þá aðalkröfu að seljandi afhendi sér nýja potta skv. 34. gr. laganna. Í ljósi þess að pottarnir voru innkallaðir og aðrir sambærilegir pottar virðast ekki vera til hjá seljanda, verður að hafna þeirri kröfu. Þess í stað á 1. mgr. 37. gr. laganna við, en þar segir að ef úrbætur eða ný afhending koma ekki til álita geti kaupandi krafist afsláttar skv. 38. gr. eða riftunar skv. 39. gr. Seljandi hefur með tilkynningu um innköllun í raun fallist á riftunarkröfu seljanda. En í því felst að seljandi getur fengið pottana endurgreidda gegn því að skila þeim til seljanda, enda geti hann sýnt fram á kaupin.

Hið raunverulega ágreiningsefni aðila snýr því að bótakröfu álitsbeiðanda. Í fyrsta lagi krefst álitsbeiðandi bóta vegna kostnaðar við að fjarlægja pottana og koma þeim til seljanda. Í öðru lagi krefst álitsbeiðandi skaðabóta sem nema kaupverði á nýjum pottum í stað hinna innkölluðu potta og í þriðja lagi krefst álitsbeiðandi bóta vegna tapaðra leigutekna af sumarhúsunum tveim sem pottarnir standa við, en álitsbeiðandi telur það tjón nema kr. 850.000.

Hvað varðar fyrsta kröfuliðin telur kærunefndin að álitsbeiðandi geti skv. 1. mgr. 40. gr. laganna, gert kröfu um að álitsbeiðandi greiði sér bætur vegna þess kostnaðar sem felst í að fjarlægja pottana og koma þeim til seljanda. Umræddir pottar eru í nágrenni Borgarness. Gera má ráð fyrir að álitsbeiðandi þurfi að aka frá heimili sínu í Reykjavík, þangað sem pottarnir eru staðsettir og aftur til baka, þ.e. um 70 km hvora leið. Hvað varðar kostnaðinn við þennan akstur telur kærunefndin rétt að miða við akstursgjald ríkisstarfsmanna skv. auglýsingu nr. 1/2013, en það gjald er kr. 116 pr. km. Telur kærunefndin því rétt að seljandi greiði álitsbeiðanda skaðabætur að fjárhæð kr. 16.240 vegna þessa liðar. Hvað varðar kröfu álitsbeiðanda um skaðabætur vegna kostnaðar við að kaupa nýja potta, þá verður að líta til þess að seljandi hefur boðið fulla endurgreiðslu á umræddum pottum. Verður því að hafna þessum lið kröfugerðar álitsbeiðanda. Hvað varðar kröfur álitsbeiðanda um skaðabætur vegna tjóns sem rekja má til tapaðs hagnaðar af útleigu sumarhúsanna, þá telur kærunefndin þá kröfu ekki studda nægum gögnum til að hægt sé að taka afstöðu til hennar.

VII
Álitsorð

Seljandi, Y, endurgreiði álitsbeiðanda kaupverð rafmagns heitapotta sem álitsbeiðanda, X, keypti af seljanda. Þá skal seljandi greiða álitsbeiðanda skaðabætur að fjárhæð kr. 16.240.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir